

Alþingi
Erindi nr. P 126/2543
komudagur 9.5.2001



Alþingi
Þórarinn Þorgeirsson, nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhóls götu 4, 150 Reykjavík
sími: 560 9500, bréfasími: 562 3068
netfang: postur@mrn.stjr.is
veffang: menntamalaraduneyti.is

Reykjavík, 9. maí 2001
Tilvísun: MMR01040317/54.312; 01.011/ÞJH/--

Menntamálaráðuneytið vísar til bréfs yðar dags. 26. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 27/1981 um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga sbr. þingskjal 770, 484. mál.

Hvað varðar almennt um efni frumvarpsins lýsir ráðuneytið sig fylgjandi því að nemendur úr þeim skólum sem bjóða upp á sambærilegt nám í viðskiptafræðum og Háskóli Íslands njóti sama réttar og nemendur úr Háskóla Íslands til að kalla sig viðskiptafræðinga. Út frá jafnræðissjónarmiði er eðlilegt að allir nemendur sem ljúka sambærilegu námi njóti sömu réttinda að námi loknu. Til að leiðrétta þennan mismun er ráðuneytið fylgjandi því að breyta lögum nr. 27/1981 í þá veru sem frumvarpið kveður á um.

Þá er að mati menntamálaráðuneytisins eðlilegra að það ráðuneyti sem fer með málefni viðkomandi starfsgreinar fjalli um réttindamál af þessu tagi fremur en menntamálaráðuneytið. Af þeim sökum gerir ráðuneytið ekki athugasemd við þá fyrirætlun að flytja réttindaveitingar þessar til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins.

Hins vegar leggst menntamálaráðuneytið eindregið gegn samþykkt 3. gr. frumvarpsins, þar kveðið er á um að viðskiptaráðherra skuli ákveða lágmarkskröfur um námslengd og samsetningu prófgráðu. Viðskiptaráðherra er það með veitt nánast takmarkalaust vald til þess að stjórna tilteknu fræðasviði háskóla með reglugerðum. Gengur sú tilhögun gegn öllum markmiðum sem sett voru með samþykkt laga nr. 136/1997 um háskóla. Samkvæmt þeim lögum leikur ekki vafi á um sjálfstæði háskóla og að yfirstjórn hvers háskóla skuli ákveða fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og um skipulag rannsókna. Þannig hefur hver háskóli faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði og ber ábyrgð á starfsemi sinni. Því leggst menntamálaráðuneytið gegn samþykkt 3. gr. frumvarpsins.

Tölvupóstur ráðuneytisins vegna þessa máls sendur hinn 8. maí sl. er hér með afturkallaður.

F.h.r.